

## Kennsluáætlun haust 2018

Í áfanganum fær nemandinn yfirsýn yfir helstu efni og efnisflokka sem notaðir eru við bygginga- og mannvirkjagerð ásamt leiðsögn við rétt efnisval eftir verkefnum, aðstæðum og umhverfi. Fjallað er um tré sem smíðaeefni og uppbyggingu þess, plötuefni, festingar, steinsteypu, múr og múrefni, málma og bendistál, pípulagnaefni, plastefni, málningar- og spartlefni, fúgu- og þéttiefni, lím, einangrun, gler, þakefni, klæðningarefni, gólfefni og veggfóður. Gerð er grein fyrir uppruna efnanna, flokkun þeirra, merkingum, eiginleikum og hlutverki. Nemandinn kynnist viðfangsefnum og fagsviði húsasmiða, húsgagnasmiða, málara, múrara, pípulagningarmanna og dúklagningamanna.

### Námsefni.

Efnisfræði byggingagreina eftir Jón Sigurjónsson

Efni sem kennari leggur fram

### Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

byggingaefnum og notkunarsviði þeirra

flokkun byggingaefna og gæðum eftir tegundum

sérstöðu og skörun verkþátta milli einstakra faggreina

algengustu faghugtökum sem notuð eru innan hvernar fagstéttar

mikilvægi fagmennsku og góðs handverks innan atvinnugreinanna

mikilvægi samstarfs á milli fagstétta

### Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

velja efni miðað við notkunargildi og aðstæður

lesa flokkun efna (t.d. frá framleiðundum)

greina hvaða efni má nota saman og hver ekki

meðhöndla byggingaefni

### Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

velja byggingaefni til notkunar fyrir mismunandi verkefni innanhúss og utan  
nýta faghugtök í samræðu

Námsmat byggir á 4 verkefnum sem kennari leggur fram samtals 80%

Símat sem byggir á frammistöðu nemenda í kennslustundum 20 %